

**Nd. 376. Frumvarp til laga [164. mál]**

um breyting á lögum nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Bragi Sigurjónsson.

1. gr.

Niðurlag 2. gr. laganna orðist svo: hentugar íbúðir og dvalarheimili fyrir aldrað fólk.

2. gr.

Á eftir orðunum „að reisa íbúðir“ í 5. gr. laganna komi: og dvalarheimili.

3. gr.

Við 7. gr. laganna bætist:

Lán, sem veitt eru úr sjóðnum til byggingar dvalarheimila, mega nema allt að 20% af kostnaðarverði þeirra, og skulu þau tryggð með veði í heimilunum. Heimilt er að veita lánin á eftir eða samhliða veðlánnum annars staðar frá, er nemi allt að 60% af kostnaðarverði íbúðanna.

4. gr.

Við 8. gr. laganna bætist:

Við byggingu dvalarheimilis nægir ábyrgð sveitarfélags.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Með lögnum um Byggingarsjóð aldraðs fólks var stefnt að því að koma á fót sjóði, sem lánað gæti til byggingar hentugra íbúða fyrir aldrað fólk. Var m. a. haft í huga, að með byggingu slíkra íbúða yrði gamla fólkið síður slitið úr tengslum við það umhverfi, sem það hefði lifað og starfað í meginhluta starfsævi sinnar.

Er óhætt að fullyrða, að með setningu laga þessara hafi verið stigið stórt spor fram á við, til mótnar nútímalegri þjónustu en áður þekktist hér á landi fyrir aldrað fólk.

Sá galli var þó á lagasetningu þessari, að fé það, sem sjóði þessum var ætlað, var tekið af framkvæmdafé þess aðila, sem stórtækastur hefur verið hér á landi síðustu áratuginu í að byggja húsnæði fyrir aldrað fólk. Er hér átt við hluta af tekjum Hapdrættis D.A.S. og Sjómanna daginn í Reykjavík og Hafnarfirði, en að honum standa öll félög sjómanna á þessum stöðum.

Það var snemma á starfsferli þessara samtaka, sem nú eru 30 ára gömul, að hugmyndin um Dvalarheimili aldraðra sjómanna kom fram og fjársöfnun hófst í því augnamiði, og voru margar leiðir farnar til þess, sem sumar hverjar voru alger nýlunda hér á landi.

Þegar fé hafði verið safnað í rúm 10 ár, nam fjáreign þessara samtaka á þriðju milljón króna. Vegna tilmæla opinberra aðila var fé þetta m. a. lánað í Stofnlánasjóð sjávarútvegsins. Nokkru síðar var gengi krónunnar lækkað, og urðu samtökin fyrir miklu tjóni vegna stórhækkaðs kostnaðar á byggingarefni.

Segja má, að ráðamenn þjóðfélagsins hafi viljað koma á móti þessu tjóni samtakanna, um leið og gott málefni var stutt, þegar samþykkt voru lög á Alþingi um landshappdrætti til fjáröflunar vegna byggingarframkvæmda við Dvalarheimili aldraðra sjómanna. Átti heimild þessi að gilda til næstu 10 ára.

Þegar happdrættið tók til starfa, höfðu safnast og verið gefnar rúmar fjórar milljónir króna, og var húið að koma aðalbyggingunum undir þak, er hornsteinn Hrafnistu var lagður á Sjómannadaginn 1954 af forseta Íslands, herra Ásgeiri Ásgeirssyni, sama daginn og happdrætti D.A.S. tók til starfa.

Happdrættið hefur að miklu leyti staðið undir byggingarframkvæmdum við heimilið síðan. Það náði strax í byrjun hylli almennings, sem var ekki aðeins sólginn í eftirsóttu vinninga þess, heldur skildi og mat það verkefni, sem að var unnið.

Þegar að því dró, að 10 ára happdrættisheimildin rynni út, voru fjölmargir fundir haldnir víðs vegar um landið með forustumönnum úr sjómanna- og verkalyðsfélögum og sveitarstjórnarmönnum á viðkomandi stöðum. Var reynt að kynna viðhorfum þeirra og óskum í sambandi við úrlausn á húsnæðisvandamálum aldraðra í heimabyggð þeirra, með hliðsjón af utanaðkomandi fjárhagsaðstoð og möguleikum á fjáröflun á viðkomandi stöðum.

Að þessum viðræðum loknum og að fenginni reynslu af byggingu og rekstri Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, Hrafnistu, mótuðu sjómannasamtökin sjálf þá stefnu að óska eftir áframhaldandi leyfi til rekstrar Happdrættis D.A.S. næstu 10 árin að minnsta kosti. Enn fremur, að ágóðanum yrði skipt, þannig að þær tekjur, sem öfluðust á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, u. þ. b. 70%, rynnu til áframhaldandi byggingar Hrafnistu, og er þeim áfanga yrði lokið, væri hafizt handa að nýju á höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar. Hins vegar skyldu 30% tekna happdrættisins fara sem óafturkræft framlag til styrktar byggingu dvalarheimila í þéttbýliskjörnum víðs vegar um landið.

Sú skoðun varð þó að lokum ofan á hjá þeim, sem mótuðu málið, að stofna bæri sérstakan sjóð, sem fengi til umráða hluta af tekjum happdrættis D.A.S. til byggingar íbúða fyrir aldrað fólk.

Í meðförum Alþingis varð fyrirhugaður styrkur að lánnum, auk þess sem Byggingarsjóði aldraðs fólks var ætlað að fá 40% af tekjunum. Þegar svo lögin um sjóðinn öðluðust gildi, voru 9 ár liðin af þeirri happdrættisheimild til 10 ára, sem Alþingi hafði upprunalega ætlað sjómannasamtökunum til byggingar D.A.S. — Hrafnistu.

Til þessa hefur Happdrætti D.A.S. greitt í Byggingarsjóð aldraðs fólks um 4.5 milljónir króna, en nú um þessar mundir, þegar endurskoðun reikninga fyrra árs lýkur, eru gjaldfallnar til viðbótar um 2.5 milljónir króna, sem er tekjuhluti sjóðsins fyrir það happdrættisár, sem lauk á s. l. ári.

Enginn hefur fengið lán úr sjóði þessum til þessa, en Reykjavíkurborg hefur snemma á s. l. ári sótt um lán, að upphæð 2.2 millj. kr., vegna 22 íbúða að Austurbrún 6 í Reykjavík, sem reistar hafa verið sem leiguíbúðir fyrir aldraða.

Að sjálfsögðu er á engan hátt með frv. þessu verið að leggja stein í götu þess, að lán til hentugra einstakra íbúða fyrir aldrað fólk verði veitt, enda fellur t. a. m. lánsúmsókn Reykjavíkurborgar í einu og öllu undir tilgang laganna, og flm. þessa frv. telja rétt, að möguleiki til lána í þessu skyni sé áfram fyrir hendi.

En af þeirri reynslu, sem fyrir liggur, og þeirri miklu þörf, sem nú er á, að hafizt verði handa um byggingu nokkurra dvalarheimila fyrir aldrað fólk, er það álit flm., að af takmörkuðu fé Byggingarsjóðs aldraðs fólks eigi ekki síður að veita fé til byggingar slíkra nútímalegra dvalarheimila af hentugri stærð með réttri staðsetningu en til einstakra íbúða, og af þeim sökum er frv. þetta flutt.